

Tillaga 1: Tillaga um breytingu á 23. grein um landsfund:

Lagt er til að í annarri setningu 1. mgr. 23. greinar falli út orðin „skulu liggja frammi á skrifstofu hreyfingarinnar og birt á heimasíðu hans“ og í stað koma „skulu send á landsfundarfulltrúar eigi síðar en tíu dögum fyrir landsfund“.

Fyrsta málsgrein verði þá svohljóðandi:

„Mál þau og tillögur sem einstakir félagar, félög eða kjördæmisráð óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda stjórn hreyfingarinnar fjórum vikum fyrir landsfund. Álit og ályktanir er stjórnin hyggst leggja fyrir landsfund, sem og þau mál og tillögur sem borist hafa innan tilskilins tímafrests, skulu send á landsfundarfulltrúar eigi síðar en tíu dögum fyrir landsfund. Sama gildir um tillögu stjórnar að fundarsköpum.“

Árni Matthíasson
Orri Páll Jóhannsson

Tillaga 2: Tillaga um breytingu á 29. grein um flokksráð:

Í lok fyrstu setningar 3. mgr. 29. greinar falli niður orðin „verði því við komið.“

Þriðja málsgrein hljóði því þannig:

„Tillögum sem leggja skal fyrir flokksráð skal skila til stjórnar hreyfingarinnar viku fyrir fund. Fundir flokksráðs skulu vera opnir öllum félögum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Almennir félagar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.“

Lagabreytinganefnd

Tillaga 3: Tillaga um breytingu á 33. grein um ritara hreyfingarinnar.

Við 7. setningu 1. mgr. 33. greinar bætist við orðin: „og er megin tengiliður stjórnar við svæðisfélög og kjördæmisráð.“

Setningin hljóði því þannig:

„Ritari er staðgengill varaformanns og er megin tengiliður stjórnar við svæðisfélög og kjördæmisráð.“

Stjórn

Tillaga 4: Tillaga um breytingu á 33. grein laga um stjórn hreyfingarinnar.

Við lok 1. mgr. 33. greinar bætist setningin: „Stjórn setur sér starfsreglur.“

Lagabreytinganefnd

Tillaga 5: Tillaga um breytingu á 33. grein um stjórn hreyfingarinnar.

Á eftir fyrstu setningu 3. m.gr.33. greinar komi: „Sama á við um ráðherra hreyfingarinnar.“

Þriðja málsgrein hljóði því svo:

„Fulltrúar Eldri vinstri grænna, Ungra vinstri grænna, þingflokks og sveitarstjórnarráðs hafa seturétt, málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar hreyfingarinnar en eigi atkvæðisrétt, nema þá að viðkomandi sé í stjórninni. Sama á við um ráðherra hreyfingarinnar. Þá getur stjórn ákveðið að hafa fund opinn öllum félagsmönnum hreyfingarinnar og er það þá boðað sérstaklega. Fundargerðir stjórnar skulu öllum aðgengilegar á heimasíðu hreyfingarinnar.“

Lagabreytinganefnd

Tillaga 6: Tillaga um breytingu á 34. grein um fagráð VG.

Á eftir 1. setningu greinarinnar komi: „Fulltrúarnir skulu hafa faglega reynslu í meðferð mála sem undir fagráðið heyra.“

34. grein hljóði því svo:

„Stjórn skipar þrjá fulltrúa í fagráð um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni, ofbeldi og aðra ótilhlýðilega háttsemi til tveggja ára. Fulltrúarnir skulu hafa faglega reynslu í meðferð mála sem undir fagráðið heyra. Stjórnarmenn, kjörnir fulltrúar og starfsfólk VG skulu ekki sitja í fagráði. Fagráðið skal starfa samkvæmt aðgerðaáætlun VG á þessu sviði, sem getur ýmist verið staðfest á landsfundi eða flokksráðsfundi.“

Hópur um endurskoðun fagráðs VG

Anna Friðriksdóttir

Bjarki Þór Grönfeldt

Guðrún Ágústsdóttir

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir